

# Fundargerð 873. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 30. ágúst kl. 10:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar á Hótel Berg, Reykjanesbæ.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Eyþór Arnalds boðaði forföll en varamaður hans hafði ekki tök á að sitja fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 872. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 872. fundar stjórnar sambandsins frá 21. júní 2019.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

### 2. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1810074SA

Lögð fram fundargerð 45. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 19. júní 2019.

*Stjórn sambandsins tekur undir áherslur sem koma fram í skýrslu starfshóps um framkvæmd og framtíðarskipulag fjárhagsaðstoðar til framfærslu og áréttar mikilvægi þess að fram fari heildarendurskoðun á VI kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.*

### 3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA

Lagðar fram fundargerðir 47., 48. og 49. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 17. desember 2018, 6. júní og 15. ágúst 2019. Einnig lögð fram umsögn um drög að frumvarpi um urðunarskatt, dags. 28. ágúst 2019. Í tengslum við lið 34 um umsögn um lokadrög að stefnu ráðherra í úrgangsmálum, samþykkti stjórn svohljóðandi bókun:

*Stjórn lýsir sambandið tilbúið til frekari aðkomu að mótun stefnu ráðherra í úrgangsmálum, bæði hvað varðar frekari greiningu og mótun tillagna um stefnu og aðgerðir. Mikilvægur liður í þeirri vinnu er að settar verði fram markvissar aðgerðir sem stuðlað geti að lágmörkun úrgangs og bættri úrgangsstjórnun á landinu öllu. Áhersla verði m.a. lögð á að meðhöndlun úrgangs er almannþjónusta, að*

ákvarðanir sveitarfélaga um meiriháttar fjárfestingar falli vel að stefnu í málaflokknum og löggjöf og stefna ríkisins taki bæði mið af alþjóðlegum skuldbindingum og svæðisáætlunum um meðhöndlum úrgangs.

Einnig samþykkti stjórn svohljóðandi bókun um drög að frumvarpi um urðunarskatt:

Stjórnin telur að frumvarp um urðunarskatt sé ótímabært, óútfært og án nauðsynlegrar tengingar við stefnumótun í úrgangsmálum og loftslagsmálum.

Stjórnin leggst því eindregið gegn því að frumvarp um urðunarskatt verði lagt fram á haustþingi og kallar eftir víðtæku samráði um mögulega útfærslu slíkrar skattheimtu áður en ákvörðun er tekin um lagabreytingar.

Heiða Björg Hilmisdóttir kom inn á fundinn kl. 10:45.

#### **4. Siðanefnd sambandsins - 1801019SA**

Lagðar fram fundargerðir 20., 21., 22. og 23. fundar siðanefndar sambandsins frá 10. apríl, 25. júní, 11. júlí og 21. ágúst 2019.

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir kom inn á fundinn kl. 11:10.

#### **5. Hegðunarreglur fyrir kjörna fulltrúa - 1806010SA**

Lögð fram drög um fagteymi sambandsins vegna brota á hegðunarreglum fyrir kjörna fulltrúa, dags. 20. ágúst 2019, og uppfærðar hegðunarreglur, dags. 21. ágúst 2019.

Siðanefnd er falið að vinna málið áfram og leggja fyrir næsta stjórnarfund. Jafnframt verði lagt fram kostnaðarmat vegna málsins.

#### **6. Staða kjaramála - 1905033SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 8. ágúst 2019, um stöðu kjaramála í ágúst 2019.

Framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu á næsta fundi stjórnarinnar um afgreiðslu á tilteknu máli sem fjallað er um í minnisblaðinu.

#### **7. Hæstaréttardómur í máli Grímsnes- og Grafningshrepp gegna íslenska ríkinu - 1905014SA**

Lögð fram drög að bréfi sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 3. september 2019, um viðbrögð við drögum að ódags. minnisblaði frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, um viðbrögð við kröfubréfum fimm sveitarfélaga vegna niðurstöðu Hæstaréttar frá 14. maí 2019, í máli nr. 34/2018. Einnig lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 6. ágúst 2019 og fundargerð ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 29. júlí 2019.

Stjórn samþykkir bréfið fyrir sitt leyti og felur framkvæmdastjóra að senda bréfið út.

**8. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 - 1908018SA**

Lögð fram tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033, frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Einnig lögð fram bókun sveitarstjórnar Skagabyggðar frá 23. ágúst 2019 um þingsályktunartillöguna.

**9. Dagskrá aukalandsþings 2019 - 1904015SA**

Lögð fram dagskrá XXXIV. aukalandsþings sambandsins sem haldið verður á Grand hóteli í Reykjavík 6. september 2019.

**10. Sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga og skjalavörslumál - 1901004SA**

Lagt fram bréf frá Birnu Mjöll Sigurðardóttur, héraðsskjalaverði Mosfellsbæjar, Hrafni Sveinbjarnarsyni, héraðsskjalaverði Kópavogs, Halldóru Jónsdóttur, héraðsskjalaverði Austur Skaftafellssýslu, Gerði Jóhönnu Jóhannsdóttur, héraðsskjalaverði Akraness og Þorsteins Tryggva Mássyni, héraðsskjalaverði Árnesinga, dags. 14. júní 2019, ásamt fylgiskjölum.

*Stjórn sambandsins þakkar héraðsskjalavörðum fyrir þeirra erindi og telur mikilvægt að Þjóðskjalasafnið gæti hófs við eftirlit með starfsemi héraðsskjalasafna. Ráðherra hefur ekki sett reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna og skilyrði rekstrarleyfis sbr. lög um opinber skjalasöfn. Sú reglugerð er forsenda fyrir réttmætu eftirliti og hvetur stjórn sambandsins mennta- og menningarmálaráðherra til að ljúka vinnu við gerð reglugerðarinnar sem fyrst, í góðri sátt við héraðsskjalasöfn og sambandið.*

**11. Minnisblað um tilnefningu aðalmanns í verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. ágúst 2019, um tilnefningu aðalmanns í verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

*Fyrirliggjandi tillaga um að Friðrik Klingbeil Gunnarsson, verkefnisstjóri á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, taki sæti í verkefnisstjórninni samþykkt samhljóða.*

**12. Jafnlaunavottun sveitarfélaga - 1705006SA**

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 16. ágúst 2019, um jafnlaunavottun sveitarfélaga.

**13. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) - samningur - 1908030SA**

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 22. ágúst 2019, um innleiðingu notendastýrðar persónulegrar aðstoðar (NPA).

*Samþykkt að boða til fundar sambandsins með þeim sveitarfélögum með NPA samninga.*

**14. Tilnefning í stjórn barnamennningarverkefnisins List fyrir alla - 1906004SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 20. júní 2019, þar sem Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu Reykjavíkurborgar, og Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, eru tilnefnd í stjórn barnamennningarverkefnisins List fyrir alla. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**15. Tilnefning í stjórn Úrvinnslusjóðs - 1906023SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 28. júní 2019, þar sem Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu í stjórn Úrvinnslusjóðs, og jafnframt er Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur í umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins tilnefnd sem aðalfulltrúi í stað Lúðvíks E. Gústafssonar, sem gegndi áður starfi hennar hjá sambandinu, en hann er tilnefndur sem varamaður, auk þess er Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands hf., tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamaður.

**16. Tilnefning í nefnd um gerð og hagnýtingu tölfraeðigagna um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum - 1906028SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 1. júlí 2019, þar sem Benedikt Valsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefndur í nefnd um gerð og hagnýtingu tölfraeðigagna um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum.

**17. Tilnefning í starfshóp um heildarendurskoðun laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof - 1907017SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 16. júlí 2019, þar sem Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um heildarendurskoðun laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara.

**18. Tilnefning í Loftslagsráð - 1907026SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 17. júlí 2019, þar sem Hrönn Hrafnisdóttir, verkefnisstjóri stefnumótunar og þróunar hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og Ragnar Frank Kristjánsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar, eru tilnefnd í Loftslagsráð, og eru Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri, verkefnisstjóri á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, tilnefnd til vara.

**19. Tilnefning í samráðsnefnd um fiskeldi - 1907010SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 7. ágúst 2019, þar sem Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestjarðastofu, og Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, eru tilnefnd í samráðsnefnd um fiskeldi. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**20. Tilnefning í samráðshóp um framkvæmd og innleiðingu laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórna - 1908004SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 2019, þar sem Svandís Ingrimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í samráðshóp um framkvæmd og innleiðingu laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórna.

**21. Tilnefning í stjórn Framkvæmasjóðs ferðamannastaða - 1908005SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2019, þar sem Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi og formaður borgarráðs, er tilnefnd í stjórn Framkvæmasjóðs ferðamannastaða.

**22. Tilnefning í starfshóp um heildarendurskoðun reglugerðar um umferðarmerki - 1908006SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 22. ágúst 2019, þar sem Ingibjörg Ólöf Isaksen, bæjarfulltrúi á Akureyri, og Þórhallur Jónsson, bæjarfulltrúi á Akureyri, eru tilnefnd í starfshóp um heildarendurskoðun reglugerðar um umferðarmerki. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**23. Drög að stjórnarskrárákvæði um auðlindir náttúru Íslands og um umhverfisvernd - 1905017SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 27. júní 2019, um drög að frumvörpum um breytingu á stjórnarskrá lýðveldis Íslands, nr. 33/1994, með síðari breytingum. Frumvörpin eru annars vegar um ákvæði um auðlindir náttúru Íslands, mál nr. S-128/2019 og hins vegar ákvæði um umhverfisvernd, mál nr. S-129/2019.

**24. Umsögn um samráðsskjal - skilgreining á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, skiptingu í verndarflokka o.fl. - 1803004SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfisráðuneytisins, dags. 28. júní 2019, um samráðsskjal, mál nr. S-135/2019 - Skilgreining á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, skiptingu í verndarflokka o.fl.

**25. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023 - 1907012SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 15. júlí 2019, um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023, mál nr. S-152/2019.

**26. Umsögn um Jafnvægisás ferðamála - 1907031SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 18. júlí 2019, um Jafnvægisás ferðamála, mál S-145/2019.

**27. Umsögn um verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttis laga - 1907022SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 18. júlí 2019, um verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttis laga S-155/2019.

**28. Umsögn um drög að reglugerð um beitingu dagsekta sem Jafnréttisstofa ákveður - 1907019SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 19. júlí 2019, um drög að reglugerð um beitingu dagsekta sem Jafnréttisstofa ákveður.

**29. Umsögn um frumvarp til laga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna - 1907018SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 2019, um frumvarp til laga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna, mál nr. S-180/2019.

**30. Umsögn um tillögur til að bregðast við húsnæðisvanda á landsbyggðinni - 1908008SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 2019, um landsbyggðarverkefni - tillögur til að bregðast við húsnæðisvanda á landsbyggðinni, mál nr. S-195/2019.

**31. Umsögn um drög að frumvarpi um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun - 1905037SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2019, um drög að frumvarpi um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, mál nr. S-189/2019.

**32. Umsögn um drög að Grænbók, um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi - 1908002SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 6. ágúst 2019, um drög að grænbók um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi, mál nr. S-197/2019.

**33. Umsögn um drög að leiðbeiningum um skólaakstur í grunnskóla - 1906026SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 15. ágúst 2019, um drög að leiðbeiningum um skólaakstur í grunnskóla, réttindi og hæfi ökumanna skólabifreiða.

**34. Umsögn um lokadrög að stefnu ráðherra í úrgangsmálum - 1907021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Umhverfisstofnunar, dags. 23. ágúst 2019, um lokadrög að stefnu ráðherra í úrgangsmálum, ásamt fylgiskjöllum.

**35. Umsögn um drög að reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur - 1908024SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 23. ágúst 2019, um drög að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur.

**36. Ótryggar starfsnámsstöður kennaranema - 1806034SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 26. júní 2019, um ótryggar starfsnámsstöður kennaranema.

**37. Málefni Vonarsjóðs - 1906027SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Skólustjórafélags Íslands, dags. 1. júlí 2019, um málefni Vonarsjóðs Félags grunnskólakennara og Skólustjórafélags Íslands.

**38. Ályktun Íþróttapings ÍSÍ - 1907024SA**

Lögð fram til kynningar ályktun frá 74. Íþróttapingi ÍSÍ sem fram fór í Reykjavík dagana 3.-4. maí 2019, þar sem skorað er á sveitarfélög á Íslandi að setja fram langtímaáætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í samvinnu við þær íþróttagreinar sem stundaðar eru í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Fundi var slitið kl. 12:40

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Bjarni Jónsson

---

Kristján Þór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari